

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafelagið Gufunes Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits 3.10.2014

Fulltrúi UST Sigrún Guðmundsdóttir

Fyrirtæki Íslenska gámafelagið

Fulltrúi UST

Heimili Gufunesvegi

Tegund eftirlits Fyrirvaralaust

Kennitala 470597-2289

Flokkur Úrgangur og efnamóttaka

Fulltrúi fyrirtækis Birgir Kristjánsson

ÍSAT nr. 38.22.00

Fulltrúi fyrirtækis Elvar Vilhjálmsson

Staðsetning 363053,302 408634,682

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru fjórar athugasemdir og fimm frávik staðfest. Frávakin varða lélegar merkingar ílata spilliefna, magn og óviðunandi aðstöðu til meðhöndlunar spilliefna og utanumhald fyrir vinnslu þeirra, Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við útleigu svæða undir mengandi starfsemi, magn og meðhöndlun sjónvarpstækja. Farið var fram á yfirlit yfir magn og tegundir spilliefna sem meðhöndluð hafa verið á árinu.

Rekstraraðili nýtti rétt sinn og gerði athugasemdir við drög að skýrslu þessari þ. 7.11.sl. og er gert grein fyrir þeim þegar við á.

## UMFANG EFTIRLITS

Ákveðið var að fara í fyrirvaralaust eftirlit til að kanna og staðfesta uppgefnar upplýsingar og gögn rekstraraðila um meðhöndlun spilliefna og annars úrgangs sem inniheldur/getur innihaldið spilliefni, helst meðhöndlun raftækja. Farið var á skrifstofu, í tvær skemmur og nokkur geymslusvæði skoðuð.

### Frávik frá

gr. 8.1 í reglug. 806/1999,þar segir: "Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um hættulega eiginleika, efnaflokka og magn úrgangsins". Jafnframt er nauðsynlegt að merkingar séu vel festar og tryggar, polirigningu og rok.

Skv. starfsleyfisákv. 2.3. er kveðið á um kröfur til spilliefnaaðstöðu. Einnig gr. 9 rgl. 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang, (nánar tilgreint í II og III. viðauka)

### Lýsing á fráviki

Nokkuð var um að merkingum væri áfátt, þær vantaði alveg, var ábótavant eða voru rangar. Tryggja þarf rekjanleika úrgangsfarma. Einnig mikilvægt m.t.t. öryggiskrafna. Í ath.s. r.a. er rökstuðningur f. að rétt sé staðið að móttöku úrg.

Meðhöndlun ónýtra sjónvarpa og ljósabúnaðar fer fram utandyra (við skemmu 7) og er aðbúnaður með öllu óviðunandi, yfirborð að mestu óbundið, og opið fyrir vatni og vindum. Fráveitu vantar.

Skv. r.a. hefur meðh. sjónvarpstækja utandyra verið bönnuð og vinnsla verður innandyra/engin fráveita

Ákv.2.5 í starfsleyfi segir fyrir um kröfur sem gerðar eru til fráveitu.

Sjónvörp tölvur bílar, heimilistæki (m.a. kælitæki) o.fl. eru í húsum og á plönum opin fyrir vatni og vindum. Þó sum plön séu með bundnu yfirborði er fráveita engin eða ófullnægjandi.

Skv. r.a. verða sjónvörp geymd inni héreftr og mengunarhætta því lítil

Skv. ákv.2.7 í starfsl. skal eftirlitsaðili taka út aðstöðu, fara yfir verkferla og annað áður en meðh. hvers flokks spilliefna hefst. Sjá einnig ákv. 4.1.

Ekki var að sjá að vinnslulína sjónvarpa væri til staðar, og ekki í því húsnaði sem uppgefið var af rekstraraðila að meðhöndlun spilliefna færí fram í. Nokkuð var af sjónvörpum í skemmu 7 sem ekki hefur verið tekin út m.t.t. þessarar vinnslu. Umbeðnar uppl. um starfshætti ofl. hafa enn ekki borist.

R.a. telur að aðeins brotin sjónvörp þurfi að meðhöndla í húsnaði sem ætlað er f. meðh. spillie.

Ákv. 2.2: Ávallt skal leitast við að halda magni spilliefna á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki. Spilliefni skulu send til förgunar eða endurvinnslu við fyrsta hentuga tækifæri.

Raf og rafeindatæki (helst sjónvörp, tölvur og ljósabúnaður) voru á mörgum stöðum, úti og inni hjá rekstraraðila og samanlagt var magnið talsvert.

R.a. átti ekki von á því mikla magni sem borist hefur og leggur hann nú kapp á að klára uppsafnað magn.

## ATHUGASEMDIR

Mikið af þeim sjónvörpum sem voru fyrir framan skemmu 7 og í gánum (opnir að ofan) voru brotin, og talsvert sást af túbubrotum (innihalda m.a. þungmálma, mest blý). Að sögn rekstraraðila bárust sjónvörpin í þessu ástandi, Sjónvörp hvað þá brotin ætti aldrei að hafa opin fyrir veðri og vindum og þegar óeðlilega mikið berst er farsælast að tilkynna slíka farma til eftirlitsaðila sem hefur tök á að leiðbeina og koma úrbótum til leiðar.

R.a. segir umstöflun og hleðslu sjónvarpstækja nú ekki lengur fara fram utandyra.

Á athafnasvæði rekstraraðila er ýmis starfsemi, að sögn rekstraraðila leigir hann ótengdum fyrirtækjum svæðin. Eftirlitsaðili gerir athugasemd við útleigu til bílaleigu sem geymir tugi bilaðra/ónýtra bíla, bíhluta og búnað (rafgeyma o.fl.) á einu af plönunum á svæðinu.

R.a. hefur tilkynnt að förgun á ónýtum bílum sé hafin í samvinnu við leigutaka.

Skv.starfsleyfi, ákv. 2.2. skal magni spilliefna á athafnasvæði haldið í lágmarki, en magnið er ekki tilgreint nánar. Rekstraraðili hefur fengið útflutningsheimild frá Umhverfisstofnun f. 500t af sjónvörpum til eins árs. Starfsleyfi rekstraraðila heimilar spilliefnamagn að 500 tonnum árlega, Rekstraraðili tekur jafnframt aðrar úrgangstegundir sem innihalda spilliefni til meðferðar. Eftirlitsaðili óskar eftir yfirliti um magn og tegundir meðhöndlaðra spilliefna það sem af er ári.

R.a. hefur sent yfirlit yfir móttöku spilliefna árið 2014

Eftirlitsaðila þykir sýnt að meðhöndlun úrgangs sem inniheldur spilliefni sé í afleitum farvegi og leggur til að móttöku slíks úrgangs verði stöðvuð eins fljótt og auðið er, og starfsemi rekstraraðila endurskoðuð og endurbætt.

## ANNAÐ

Reykjavík, 23.10.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.